

BERA HF.

Leiðbeiningar um skráningu og rafræna atkvæðagreiðslu á aðalfundi

A Skráning inn í Lumi AGM kerfið

Hluthafar nálgast aðgangsupplýsingar sínar fyrir þátttöku á fundinum með eftirfarandi hætti:

- Innskráningarupplýsingar, þ.e. notandanafn og lykilorð, verða afhentar á fundarstað fyrir upphaf fundar, ásamt upplýsingum um vefslóð og fundarkóða, þar sem þeir sem fara með atkvæði á fundinum geta skráð sig inn í Lumi AGM kerfið.
- Athugið að allir hluthafar sem hyggjast greiða atkvæði á fundinum þurfa að skrá sig inn í Lumi AGM í upphafi fundar.

B Kosning með Lumi AGM

Kosning með Lumi AGM um tillögur og önnur mál sem lögð verða fyrir fundinn fer fram með eftirfarandi hætti:

- Opnað verður fyrir kosningu um allar fyrirbyggjandi tillögur í upphafi fundar.
- Skannið QR kóða eða sláið inn vefslóð fundarins í vafra á síma eða öðru snjalltæki.
- Sláið inn fundarkóða (e. *Meeting Id*) og fyllið út viðeigandi reiti með notandanafni (e. *Username*) og lykilorði (e. *Password*), í samræmi við lið A hér að ofan.
- Í Lumi AGM kerfinu koma fram upplýsingar um nafn hluthafa, kennitölu, hlutafjäreign og fjölda atkvæða sem hluthafi fer með á fundinum.
- Lista með öllum tillögum fundarins og valmöguleikum við atkvæðagreiðslu um þær má finna með því að ýta á „VOTING“.
- Ýtið á viðeigandi valmöguleika við hverja og eina tillögu eftir því hvernig ætlunin er að kjósa um tillöguna. Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð. Ýtið á annan valmöguleika til að skipta um skoðun, sá valmöguleiki sem síðast er valinn gildir. Ýtið á “Cancel” til að hætta við.
- Ef stjórnarkjör fer fram á fundinum skal hluthafi velja nöfn þeirra frambjóðenda til stjórnar félagsins sem hann vill greiða atkvæði sitt. Verði beitt annarri aðferð við stjórnarkjörið verða nánari leiðbeiningar um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar veittar á fundinum.
- Ef nöfn frambjóðenda til stjórnar félagsins eru jafnmörg fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, er sjálfkjörið í stjórn félagsins og verður þá ekki hægt að greiða atkvæði við þann dagskrárlið.
- Bera hf. áskilur sér rétt til að óska staðfestingar á öllum atkvæðum sem greidd eru með rafrænum hætti, þar á meðal en ekki takmarkað við, að óska staðfestingar frá viðkomandi hluthafa, með þeim hætti sem félagið telur nauðsynlegt á hverjum tíma. Vakni efasemdir um lögmæti atkvæðis sem greitt hefur verið með rafrænum hætti er heimilt að setja það til hliðar þar til fullvissa er fengin um lögmæti þess. Fáist ekki fullvissa um lögmæti atkvæðis eða atkvæðagreiðslu skal fundarstjóra heimilt að úrskurða viðkomandi atkvæði eða nýtingu þess ógilda.